

**Heiti áfanga:** ÍSLE3EE

**Titill:** Frá nýrómantík til samtímans

**Prep:** 3. þrep

**Staða áfanga:** Áfanginn er lokaáfangi í íslensku í kjarna allra brauta.

**Undanfari:** ÍSLE3DD05

**Stutt lýsing á áfanganum:**

Viðfangsefni áfangans eru íslenskar bókmenntir frá 1900 til okkar dags. Lesin eru ljóð, sögur og ýmsir textar frá tímabilinu og sett í bókmenntasögulegt samhengi. Ein nýleg skáldsaga er lesin og unnið er með hana með markvissum hætti. Skrifuð er ritgerð um nýja ljóðabók. Áhersla er á sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Einnig er farið í leikhús og leitast við að sjá leiksýningu sem tengist tímabilinu.

**Nokkur lykilatriði áfangans:** Nýrómantík, félagslegt raunsæi, módernismi, nýraunsæi, póstmódernismi, textagreining, bókmenntir og samfélag, sjálfstæð vinnubrögð, ritgerðarsmíð

**Námsmat:** Ritgerð, verkefni, próf.